

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. september 2013
Tilvísun: UST20130900104/káb

Tilhögun rjúpnaveiða 2013

Vísað er til erindis umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 5. september 2013 um veiðiþol rjúpnastofnsins og fyrirkomulag rjúpnaveiða 2013. Meðfylgjandi eru tillögur Umhverfisstofnunar að veiðstjórnun á rjúpu haustið 2013.

Virðingarfyllst

Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Bjarni Pálsson
Teymisstjóri



Tillögur Umhverfisstofnunar að veiðistjórnun á rjúpu haustið 2013

Í skýrslu frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) um veiðiþol rjúpnastofnsins 2013 er áætlað að veiðistofn rjúpu sé 447.000 fuglar sem er aukning frá árinu 2012, en þá var veiðistofninn metinn 405.000 fuglar. Í ljósi þess metur NÍ að veiðiþol rjúpu árið 2013 sé 42.000 rjúpur sem er dálítill aukning frá 2012 en þá var veiðiþolið metið 36.000 rjúpur.

Sjálfbær veiðistjórnun

Umhverfisstofnun hefur að leiðarljósi í veiðistjórnun að veiðar séu sjálfbærar. Sjálfbær veiði byggir á þremur þáttum. Í fyrsta lagi að nytjastofnar séu nýttir í sátt og samlyndi við þegna samfélagsins, öðru lagi að halda nytjastofnum sem á að veiða úr í jafnvægi þannig að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika til nýtingar á við okkur, það er, meðal annars, að stofninn nái eðlilegum stofnsveiflum, og í þriðja lagi að nytjastofn verði nýttur á sem hagkvæmastan máta fyrir samfélagið, með tilliti til náttúruverndar, mengunar, arðsemi, o.fl. Virk veiðistjórnun, sem er auðlindastjórnun, er mikilvæg til þess að tryggja sjálfbærar veiðar þegar til lengri tíma er litið, því ótakmarkaður aðgangur að takmörkuðum nytjastofnum getur auðveldlega leitt til ofveiði og hnignunar þeirra.

Öryggi veiðimanna og fjöldi veiðidaga

Síðustu ár hefur fjöldi daga sem rjúpnaveiði er heimil dregist mjög saman og síðustu tvö ár hefur einungis verið heimilt að veiða í níu daga. Umhverfisstofnun telur, miðað við reynslu síðasta árs, að með níu daga reglunni sé gengið of langt með tilliti til m.a öryggis veiðimanna. Stofnunin vill sérstaklega benda á að árin 2011 og 2012 stóð rjúpnaveiðin í 9 daga. Framkvæmd veiðanna gekk ágætlega árið 2011, en reynslan af veiðum á árinu 2012 var ekki eins góð og því telur stofnunin að æskilegt sé að fjölga leyfilegum veiðidögum. Þegar leyfilegir veiðidagar eru orðnir þetta fáir telur stofnunin hættu á að öryggi veiðimanna verði stefnt í hættu á veiðislóð þar sem miklar líkur eru á að veiðimenn haldi til veiða óháð veðri og aðstæðum. Dæmi eru um að þéttleiki veiðimanna á ákveðnum veiðisvæðum hafi skapað hættu, sérstaklega þegar nokkrir veiðidagar nýtast ekki sökum veðurs. Umhverfisstofnun vill benda á að um 70-80% veiðimanna veiða á færri en fjórum dögum óháð því hvort leyfilegir veiðidagar eru 47 eða 9. Af gögnum má ráða að veiðimenn veiði að jafnaði 10% veiðistofns eftir að sölubannið tók gildi óháð leyfilegum veiðidagafjölda en það er innan þeirra sjónarmiða sem sjálfbærar rjúpnaveiðar byggjast á. Mjög

fáir veiðidagar draga því ekki úr heildarveiðinni þar sem langflestir veiðimenn fara ekki nema innan við fjóra daga til veiða. Við stjórnun veiða, þ.e. tryggingu sjálfbærra veiða, þá er sá dagafjöldi sem heimilt er að veiða ekki afgerandi þáttur. Þessi þáttur réttlætir því ekki að horft sé framhjá öryggissjónarmiðum þar sem álag á ákveðin svæði verður umfram það sem skynsamlegt verður að teljast. Veður getur gert það að verkum að gríðarlegur fjöldi veiðimanna haldi til veiða sama daginn þegar örfáir veiðidagar eru leyfilegir.

Sá góði árangur sem náðst hefur með veiðistjórnun undanfarinna ára, þar sem veiðar hafa farið úr því að vera 30% veiðistofns í 10%, er að mestu sölubanni á rjúpuafurðum og hvatningarátaki um hófsemi að þakka, fremur en fækkun veiðidaga. Fjöldi leyfilegra veiðidaga hefur því að mati Umhverfisstofnunar takmörkuð áhrif á heildarveiðina.

Náttúruleg afföll

Búast má við að náttúruleg afföll séu mest fyrri hluta vetrar og því heppilegra að veiðitími sé færður framur fremur en að tímabilið hefjist seint í nóvember þegar stofninn hefur minnkað mikið vegna náttúrulegra affalla.

Í kjölfar alfriðunar rjúpu árin 2003 og 2004 lagði NÍ fram markmið sem miðuðu að því að halda svokölluðum Z₂-dánarstuðli lágum. Þessum markmiðum átti að ná með þrenns konar aðgerðum, en þær voru að takmarka sókn, banna sölu og hvetja til hófsemi veiðimanna. Við skoðun á tölum úr veiðiskýrslum kemur í ljós að sölubann á rjúpu hefur líklega haft mestu áhrifin á rjúpnaveiðar. Fyrir alfriðun rjúpu árin 2003 og 2004 voru veiðar oft um 30% af veiðistofni en eftir 2005 þegar sölubann tók gildi hafa þær verið um 10% af veiðistofni (sjá töflu 1).

Tafla 1. Upplýsingar úr veiðiskýrslum


	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Seld veiðikort	10.512	10.032	10.211	10.430	12.421	12.838	12.675	11.907
Fengu eina eða fleiri rjúpu	5.106	4.366	3.905	4.824	6.047	5.450	4.595	4.039
Hlutfall skýrsluskila	90%	92%	91%	96%	95%	95%	92%	87%
Uppgefin veiði á innkomnum skýrslum	80.432	52.012	34.969	52.395	89.612	73.929	42.174	35.814
Metinn veiðistofn rjúpu samkvæmt NÍ	753.000	597.000	438.000	604.000	769.000	803.000	352.000	405.000
Metið veiðipól samkvæmt NÍ	70.000	45.000	38.000	57.000	71.000	75.000	31.000	34.000
Hlutfall veiða af metnum stofni	11%	9%	8%	9%	12%	9%	12%	9%
Meðalfjöldi sóknardaga á veiðimann	3,6	3,4	3,4	3,5	3,5	3,8	2,9	3,3
Heildarfjöldi sóknardaga	13.930	11.318	10.119	12.458	15.063	14.969	9.595	8.981
Meðalveiði á sóknardag	4,4	3,5	2,7	3,0	4,2	3,6	3,0	2,6
Fjöldi leyfilegra sóknardaga	47	26	18	18	18	18	9	9
Meðalveiði á mann	15,8	11,9	9,0	10,9	14,8	13,6	9,2	8,9

Hófsemi veiðimanna hefur einnig verið að aukast á þessum tíma og kemur vel fram í veiðiskýrslum þar sem fleiri eru að veiða minna og hlutfall þeirra sem veiða 15 rjúpur eða færri eykst líkt og sjá má á mynd 1. Árin 2009 og 2010 var áætlaður veiðistofn 769 og 803 þúsund rjúpur og metið veiðipól NÍ 71 og 75 þúsund rjúpur sem eru tæp 9% af áætluðum veiðistofni en áætlaðar veiðar voru einnig tæp 9% af áætluðum veiðistofni. Líkt og sjá má í töflu 1 og á mynd 1 þá veiddu menn meira þessi ár, sérstaklega 2009, en þá er rétt að benda á að aldrei frá útgáfu veiðikortsins hafa jafn margir haldið til rjúpnaveiða og það ár. Líklegt er að mikil umfjöllun í fjölmiðlum um hve sterkur stofninn væri hafi haft veruleg áhrif á hve margir héldu til veiða og að veiðin fór því umfram veiðipólsmat NÍ.

Fjöldi sóknardaga breytist lítið þrátt fyrir færri leyfilega veiðidaga


Árið 2002 var boðið upp á þann möguleika í veiðiskýrslum að veiðimenn gætu skráð fjölda sóknardaga á veiðiskýrsluna. Að meðaltali hafa um 76% veiðimanna skilað inn tölum um sóknardaga. Meðalveiði þeirra sem skila inn sóknardögum endurspeglar meðalveiði heildarinnar mjög vel. Frá 2005 hafa margar breytingar verið gerðar á veiðitíma þar sem veiðidögum hefur verið fækkað úr 47 dögum, sem var fyrir alfriðun rjúpu, og nú síðast í níu veiðidaga. Líkt og sjá má í töflu 1 þá hafa menn farið að meðaltali um 3 til 4 daga til rjúpnaveiða frá 2005.

Sóknardagafjöldinn sveiflast afar lítið. Á þessu tímabili sem um ræðir í töflu 1 hefur veiðidögum verið fækkað úr 47 niður í níu daga 2012. Þrátt fyrir þessa fækkun daga hefur meðal-sóknardagafjöldi á mann haldist nánast óbreyttur. Að jafnaði veiða menn álíka marga daga hvort sem leyfilegt er að veiða 47 eða níu daga líkt og sjá má í töflu 1. Eins og sjá má í töflunni var meðal sóknardagafjöldi á mann svipaður þegar leyfilegt var að veiða 47 daga og á síðasta ári þegar leyfilegt var að veiða níu daga.



Mynd 1. Brúun veiða frá árinu 2000 til 2012. Hlutfall þeirra sem veiða 15 rjúpur eða færri eykst jafnt og þétt.

Heildarfjöldi veiðidaga hefur vissulega sveiflast og farið niður þegar nýu daga fyrirkomulagið var tekið upp en ef það er skoðað nánar (mynd 2) og heildarfjöldi veiðidaga borinn saman við metinn veiðistofn samkvæmt gögnum NÍ þá er 97% fylgni á milli þessara breyta yfir árin 2005-2012. Þessi fylgni gefur sterkar vísendingar um hvað það er sem ræður mestu um hve oft menn halda til veiða. Ef stofn er stór þá sækja menn meira en þegar stofn er lítil — þá sækja menn færri daga.



Mynd 2 Afar góð fylgni er milli metins veiðistofns og heildarfjölda sóknardaga.


Hér að framan hefur verið fjallað um þær upplýsingar sem koma frá veiðimönnum í gegn um veiðiskýrslur og hver viðbrögðin hafa verið við þeim breytingum sem hafa orðið á fyrirkomulagi rjúpnaveiða.

Tengsl heildaraffalla (Z_2) við veiðar


Umhverfisstofnun vill sérstaklega benda á umfjöllun NÍ í bréfi frá 3. september sl. þar sem farið er yfir tilgátur um hvaða áhrif veiðar hafi á afföll rjúpunnar umfram það sem er skotið. NÍ segir í greinargerð með mati á veiðiþoli 2013 eitt markmiða veiðistjórnunar eigi að vera að lækka Z_2 dánarstuðulinn. Í endurskoðuðu mati á veiðiþoli rjúpnastofnsins 2005 segir að það þurfi að halda honum í 0,47 til að ná fram náttúrulegum sveiflum eins og þær voru hér á árum áður.

Þegar þróun reiknaðs Z_2 -dánarstuðuls frá því 1981 (mynd 3) til 2012 er skoðuð má sjá að veiðimenn hafa ekki merkjanleg áhrif á hann þar sem engin línuleg fylgni er milli Z_2 -dánarstuðulsins yfir tíma þar sem R^2 er innan við 1%. Þetta bendir til þess að yfir þann tíma sem hann hefur verið mældur er ekki að sjá að hann sé að hækka eða lækka til lengri tíma.

Dánarstuðullinn hefur í þrjú skipti náð því að vera 0,47 eða lægri og var það friðunarárin tvö og árið 2008.



Mynd 3. Þróun Z_2 -dánarstuðulsins frá 1981 (norðausturland).



Mynd 4. Þróun Z_2 -dánarstuðuls og áhrif veiða samkvæmt NÍ.

Eins og sjá má á mynd 4 virðist ekki mikið samhengi vera milli veiða og viðbótaraffalla. Umhverfisstofnun vill því taka undir mikilvægi þess að skoðað verði nánar hvort þessi auknu afföll samfara veiðum séu raunveruleg eða hvort þau tengjast þeim forsendum sem útreikningar byggjast á.

Niðurlag

Að mati Umhverfisstofnunar eru það einkum fjórir þættir sem hafa megináhrif á hversu mikið veiðimenn veiða úr rjúpnastofninum. Fyrst ber að nefna sölubann á rjúpu. Eftir að sölubann tók gildi dró verulega úr magnveiði og veiðimenn veiða nú almennt einungis fyrir sig og sína fjölskyldu. Í öðru lagi áhersla á öflugna kynningu um mikilvægi hófsemi veiðimanna á veiðitíma. Slíkar kynningar hafa skilað árangri, þær minna veiðimenn á að rjúpnastofninn er sameiginleg auðlind sem ber að fara gætilega með og á ábyrgð þeirra gagnvart stofninum. Í þriðja lagi hefur stofnstærð veiðistofnsins mikil áhrif á fjölda veiddra fugla, þ.e. þegar stofninn er stór þá er auðveldara að ná bráð en þegar stofn er lítil. Hins vegar telur Umhverfisstofnun að fjöldi þeirra daga sem veiðar eru heimilaðar hafi minni áhrif á hversu mikið er veitt. Umhverfisstofnun telur með vísun til ofangreinds, og þá sérstaklega öryggissjónarmiða, að ástæða sé til að fjölga aftur þeim dögum sem veiðar eru heimilaðar.

Umhverfisstofnun leggur til að veiðar verði leyfðar í 18 daga árið 2013 og að fyrirkomulagið gildi ótímabundið. Áætlað er að heildarveiðin, miðað við 18 leyfilega veiðidaga, verði um 40-44 þúsund rjúpur sem samræmist sjónarmiðum um sjálfbærar rjúpnaveiðar og mati NÍ um veiðipól

rjúpnastofnsins. veiðarnar hefjist þriðja föstudag í október og verði sex þriggja daga tímabil, föstudagur, laugardagur og sunnudagur. Ráðlagt er að gengið verði út frá því að sama fyrirkomulag ríki næstu ár nema fyrirsjáanlegar séu stórfelldar breytingar á rjúpnastofninum. Þar mætti til dæmis miða við stærð varpsstofns þannig að ef hann mælist undir einhverri ákveðinni stærð kalli það á endurskoðun á fyrirkomulaginu. Í því sambandi má nefna að varpstofninn mældist tæp 63 þúsund fuglar árið 2003.

Leyfilegir veiðidagar árið 2013 verði því sem hér segir:

Föstudaginn 18. október til og með sunnudeginum 20. október.

Föstudaginn 25. október til og með sunnudeginum 27. október.

Föstudaginn 1. nóvember til og með sunnudeginum 3. nóvember.

Föstudaginn 8. nóvember til og með sunnudeginum 10. nóvember.

Föstudaginn 15. nóvember til og með sunnudeginum 17. nóvember.

Föstudaginn 22. nóvember til og með sunnudeginum 24. nóvember.

Í núverandi reglugerð um fyrirkomulag rjúpnaveiða er aðeins talað um árið 2012 og leyfilegir veiðidagar taldir upp. Umhverfisstofnun leggur til að reglugerðin verði orðuð á þann hátt að hún gildi ótímabundið þannig að ekki þurfi að breyta henni á hverju ári. Reglugerðina mætti orða á eftirfarandi hátt: „Heimilt er að veiða rjúpu á föstudögum, laugardögum og sunnudögum frá og með þriðja föstudegi í október í sex vikur, alls 18 daga.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áréttu að verði farið að tillögum stofnunarinnar um fjölgun veiðidaga þá verði að fara í mjög öflugan kynningarherferð þannig að enginn misskilningur fari af stað um að rjúpnastofninn þoli mjög aukna veiði. Það mætti gera á sambærilegan hátt og síðustu ár með auglýsingum og umfjöllunum um hófsamar veiðar. Jafnframt að setja fram skýr skilaboð um að æskilegt sé að hver veiðimaður veiði ekki umfram 6-7 fugla. Þessi fjöldi fugla er miðaður við að til veiða haldi sami fjöldi veiðimanna og undanfarin ár. Í þessu sambandi má minna á að árið 2009 var farið yfir það veiðipól sem miðað var við og er það mat Umhverfisstofnunar að mikil umræða í fjölmiðlum um hversu sterkur rjúpnastofninn væri hafi haft mikil áhrif á hversu margir fóru til veiða og jafnframt hversu mikið hver veiðimaður veiddi. Auknir fjármunir þurfa því að fara í öflugt kynningarstarf til að tryggja að skilaboðin komist til skila. Síðastliðin tvö ár

var fyrirkomulag rjúpnaveiða þannig háttað að inni í miðju tímabili var helgi sem ekki mátti veiða. Þetta var aukið flækjustig sem þurfti að kynna vel fyrir veiðimönnum. Það fóru því talsverðir fjármunir á veiðitíma í að árétta við veiðimenn hvenær þeir máttu fara til veiða og hvenær ekki. Þeim fjármunum hefði verið og væri betur varið með því að hafa veiðitímann skýran og nota fjármuni, tíma og tækifæri í fyrrgreinda kynningarherferð.

Mikilvægt er jafnframt að lögð verði aukin áhersla á eftirfylgni með sölubanni á rjúpum.

Einnig væri æskilegt að endurtaka skoðana- og viðhorfskönnun meðal skotveiðimanna sem framkvæmd var veturinn 2001-2002. Þar var meðal annars kannaður áreiðanleiki veiðitalna og ýmis hegðun veiðimanna, svo sem hvað réði því helst hve oft þeir færu til veiða og fleira, en sú vitneskja sem næðist með slíkri könnun gæti hjálpað mikið við veiðistjórnun.